



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Stakkaborg

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	7
4	Innra mat	9
	Sjónarhóll 2024-2025	9
	Kattholt 2024-2025	10
	Undraland 2024-2025.....	11
	Múmíndalur 2024-2025	11
5	Umbótaáætlun 2025-2026	13
6	Innra mat sérkennslu.....	14
7	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	16
8	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.....	17
9	Foreldrasamvinna.....	17
10	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	18
11	Fylgiskjöl	19





1 Greinargerð leikskólastjóra

Leiðarljós leikskólans:

Gleði – Hreyfing – Vinátta

Við mætum til leiks á hverjum degi með gleði í hjarta og bros á vör. Við nýtum hreyfingu eins mikið og kostur er, bæði inni og úti. Í leikskólanum okkar ríkir vinátta bæði meðal starfsmanna og barna.

Skólaárið 2024-2025 var ár mikilla breytinga í leikskólanum. Við höfum árið nokkuð eðlilega en þó voru framkvæmdir hafnar í maí 2024 en þá hófst stækkun Stakkaborgar. Skólinn fékk viðbótar byggingu og gengu framkvæmdir vel. Skólaárið hófst full mannað og 68 börn í leikskólanum, það voru nokkuð fáir nýir starfsmenn það árið, einungis tveir nýir starfsmenn en það var verkefnastjóri í tónlist og einn starfsmaður á deild.

Við fengum í upphafi skólaárs kennslu frá Guðbjörgu Arnardóttir jógakennara um *Jóga fyrir kennara sem nýta á með ungum börnum*. Mjög gagnlegt og áhugavert erindi. Við nýttum svo mikið af skipulagsdögum í innri vinnu á deildum, undirbúning fyrir stækkun og ýmis erindi sem starfsmenn sáu um s.s. endurmat á útikennslu hjá okkur, Gefðu 10 o.fl. Við fengum erindi í lok skólaárs frá leikskólakennaranema í Rofaborg um leikinn og unnum breytingar á námskrá leikskólans eftir það erindi. Einnig fengum við upprifjun frá Sögu Stephensen og Þóru Sæunni um hæfnisramma fyrir deildarstjórahópinn.

Í febrúar stækkaði svo Stakkaborgin og þá hófst aðlögun á öllum deildum. Núna eru deildirnar 5. Yngstu börnin eru 12 en verða 13 næsta ár á Sjónarhóli, Kattholt og Undraland eru með 2-3 ára börn 22 börn á hvorri deild. Múmíndalur er nýjasta deildin en þar eru 2 deildarstjórar með 44 elstu börn leikskólans. Rekstrarleyfi var áætlað fyrir 101 barn og munum við innrita í þann fjölda frá næsta hausti en í febrúar og fram til sumarleyfis hafa börnin verið 100. Ég er ótrúlega þakklát foreldraráði leikskólans sem studdi mínar tillögur að hámarksfjölda barna í nýju rekstrarleyfi en þau komu með rökstuðning inn í þá vinnu sem var vel unninn af þeirra hálfu.

Börn, foreldrar og starfsmenn skiluðu inn tillögum að nýju nafni á deildina sem bættust við. Börnin í elstu þremur árgöngunum fengu svo að kjósa milli nafnanna Múmíndals, Hvergilands og Ævintýralands. Nafnið Múmíndalur varð fyrir valinu og erum við mjög ánægð með það heiti á deildinni enda löng og má alveg líkja henni við dal. Deildin er sérstaklega vel heppnuð, falleg, hljóðvist til fyrirmyndar og allt útisvæðið við nýja húsið spennandi til útikennslu.



Stefna leikskólans að hafa „Flæði“ á deildum þar sem nemendur geta að stórum hluta ákveðið hvaða svæði þau leika sér á var útvíkkuð enn frekar með tilkomu nýrrar deildar en Múmíndalur er flæðisdeild þar sem starfsfólk flæðir millil svæða eftir áhuga og þörf. Börnin fara í hópastarf en flæðið og tíminn til leiks á mismunandi svæðum er hornsteinn starfsins þar inni. Þar erum við að efla sjálfstæði og ákvörðunartöku hvers barns til að hafa áhrif á hvaða verkefni viðkomandi vill sinna og hvað vekur áhuga þeirra.

Með stækkun leikskólans fjölgaði starfsfólki, við fengum inn verkefnastjóra í íþróttir enda núna íþróttasalurinn laus til notkunar fyrir allar deildir, það var mikil og góð viðbót enda eitt af okkar leiðarljósum er hreyfingin. Það varð töluverð fjölgun í sérkennslu og hefur ekki enn tekist að ráða í þau stöðugildi fyrir haustið en erum að vinna í því, náum þó að fá inn sumarstarfsfólk til að sinna þessum börnum í sumar. Við áætluðum að hafa um 28 stöðugildi auk 6-7 stöðugilda í stuðning næsta vetur. Í lok skólaársins eru 46% starfsmanna með leyfisbréf eða aðra uppeldismenntun, 20% í Sameyki með aðra háskólamenntun og 30% í Eflingu og er þetta sambærileg skipting á milli stéttafélaga og í upphafi skólaárs.

Við höfum fengið styrk til að sinna samvinnuverkefni milli Stakkaborgar, Klammar, Nóaborgar og Menntavísindasvið Háskóla Íslands um *Tónlistariðkun í þremur leikskólum* og kortleggja hvað verið er að gera í þeim þáttum hjá okkur. Það er spennandi verkefni sem verður gaman að vinna með.

Við þurftum einu sinni að grípa til faliðunar í vetur en það var sökum veikinda og sumarleyfa en það var í apríl sem við sendum hluta af einum hóp heim kl 12 til að geta klárað daginn á þeirri deild. Við erum bjartsýn og vonum að við verðum búin að manna allar stöður fyrir sumarleyfi.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið?	Málþroski fjöltyngdra barna
Hvernig fór matið fram?	Farið yfir hæfnisramma á deildum með tvítyngdum börnum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Deildarstjórar viðkomandi barna
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Farið yfir stöðu tvítyngdra barna og skoðað hvaða aðstoð hver og eitt barn þar út frá listunum.
Hvað var metið?	Útikennsla
Hvernig fór matið fram?	Farið yfir hvernig gengur í útikennslu
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þurfum að gera betur en með vorinu og sumarblíðunni kom útikennslan enn meira inn í skólastarfið. Þurfum að kenna nýju starfsfólki betur að nýta útkennslugögnin sem eru til. Viljum taka þennan þátt enn betur inn í skólastarfið næsta ár.
Hvað var metið?	Skólanámskrá
Hvernig fór matið fram?	Farið yfir kafla í skólanámskrá sem þurfti að endurmeta og setja inn breytingar út frá nýrri námskrá.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Námskráin endurbætt og farið yfir það sem þurfti að laga. Þurfum að koma námskránni enn betur inn í faglegt starf og kynna enn betur fyrir nýjum starfsmönnum en þar sjáum við tækifæri til umbóta.





Ytra mat

Hvað var metið?	Starfsánægja
Hvernig fór matið fram?	Starfsmannakönnun Stofnun ársins
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn leikskólans.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Könnunin kom vel út voru hæstu þættir hennar að það starfi fjölbreyttur hópur starfsfólks, að yfirmaður viðri starfsfólkið mikils og sé sanngjarn við starfsfólkið. Að starfsmenn fái jöfn tækifæri og að starfsfólk sinni ábyrgðarstöðum óháð kyni. Það sem mætti bæta samkvæmt könnun eru launin, hljóðvist og svigrún til að skjótast frá vinnu þegar þess þarf.
Hvað var metið?	Upplifun foreldra
Hvernig fór matið fram?	Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrakönnun fór fram á vegum Reykjavíkurborgar. Foreldrakönnun fór fram í mars og apríl 2025. Svarhlutfall var 97,3% af þeim sem fengu könnunina.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Könnunin kom vel út en rúmlega 95% foreldra voru frekar ánægð eða mjög ánægð með samskipti og viðmót starfsmanna. Rúmlega 95% fannst barninu sínu líða frekar vel eða vel í leikskólanum. 98 % töldu upplýsingagjöf hæfilega eða of mikla varðandi hvað væri á döfinni í leikskólanum. 98% fannst leikskólanum frekar vel eða mjög vel stjórnað og skólastjórnendur aðgengilegir að frekar eða mjög miklu leiti að mati 95% svarenda. Það kom fram að um 21 % þekkir ekki stefnur eða áherslur leikskólans og þar skapast því tækifæri til umbóta.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Stjórnun -mannauður/leikskólabragur- innra mat	Teymisvinna
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Teymisvinna – erum enn að innleiða það að hafa fleiri teymi í leikskólanum. Höfum haft teymi um Græn skref og læsi. Höfum einnig í vetur byrjað að leggja grunn að sérkennsluteymi og sjáum fyrir okkur að efla það enn frekar. Stefnt á að fjölga teymum t.d. hafa eitt Uppbrots- og viðburðarteymi.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Efla teymi og fjölga þeim.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Erum byrjuð að festa í sessi fundartíma teyma og munum leggja enn frekari áherslu á það.
Ábyrgð	Allir starfsmenn sem eru í teymum.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Verkefni sem ekki verður lokið – heldur fest í sessi til framtíðar.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hver hópur metur hvernig gekk í teyminu eftir veturinn og skrifar skýrslu um hvað gekk vel og hvað þarf að bæta.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Þegar að við höfum náð að fá sem flesta starfsmenn að borðinu til að vera í einhverju teymi þá erum við að valdefla allan skólann, skipta með okkur ábyrgð og verkefnum.
Stjórnun-mannauður/leikskólabragur-innra mat	Fjölmenning
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Efling fjölmenningar í leikskólanum, gera hana sýnilegri með því að setja upp fjölmenningarteymi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Setja upp móttöku áætlun fyrir ný börn. Festa í sessi Velkomin í hverfið í upphafi skólagöngu hjá erlendum börnum. Vinna að því að gera fjölmenningu sýnilegri í skólastarfinu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna náðið með Velkomið í hverfið þegar ný börn byrja. Byggja ofan á Stjarna vikunnar sem unnið hefur verið með undanfarin ár. Fá fræðslu frá Nóaborg og stefna á að að hafa Alþjóðaviku í vor.
Ábyrgð	Stjórnendur og allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 og festa þetta í sessi í framtíðinni – lokið á vorönn 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Gera sýnilega fjölmenninguna og fá foreldra inn í starfið þá vikuna. Hafa könnun meðal foreldra um upplifun af þessum dögum.





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að gera fjölmenningu leikskólans sýnilegri, auka víðsýni starfsmanna, barna og foreldra gagnvart fjölbreytileika barnahópsins. Halda uppskeruhátíð þar sem fjölmenningu er gert hátt undir höfði og kynna þannig fyrir leikskólasamfélaginu hvað við erum fjölbreytt.
Stjórnun, mannauður/leikskólabragur	Lausnateymi og Farsæld barna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Festa í skorðum lausnateymi og koma af stað verkháttum í tengslum við Farsæld barna að fullu. Við höfum þessa vegferð haust 2024 en þurfum að skerpa betur á þessu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ákvarða í samstarfi við þjónustumiðstöð hvaða aðilar sitja í lausnateymi og setja teymisfundi inn í skipulag leikskólans. Koma af stað verkháttum í tengslum við Farsæld barna til dæmis hvernig við vinnum með samþættinguna þannig allir starfsmenn fari eftir því verklagi.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri ásamt öðrum stjórnendum leikskólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 til maí 2026 – lengjum innleiðingartímann.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Nóvember 2024 – Febrúar 2025 – Maí 2025. Metið með fundum lausnateymis ásamt stjórnendum leikskólans. Höldum áfram þessari vinnu, rýnum betur og festum fundi í sessi í áætlun skólaársins.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að lausnateymið sé farið að starfa sem skyldi og að allir starfsmenn leikskólans viti hvernig unnið er að Farsæld barna.
Leikskólabragur – Bhluta verkefni	Tónlist barna - kortlagning
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Kortleggja kennslu í tónlist í þremur leikskólum með umsjón nema í tónlistarkennslu hjá Menntavísindasviði.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Unnið í samstarfi milli skóla, allir taka þátt og kemur meistaraneimi að athugnum, aðstoð og skráningu upplýsinga um hvernig tónlistarkennslu sé háttað í þessum þremur skólum.
Ábyrgð	Skólastjórnendur og Verkefnastjórar í tónlist.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 og til loka skólaárs 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið með fundum verkefnastjóra ásamt nema af menntavísindasviði. Umræðum á skipulagsdögum, skráningum og þátttöku starfsmanna í vrkefninu s.s. í rýnihópum, viðtölum við starfsfólki og börn.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Tilgangur verkefninsins er að kortleggja tónlistarkennslu í þessum þremur leikskólum og athuga hvort gera megi hugmyndir að tónlistarstundum með börnum út frá þessari vinnu.



4 Innra mat

Sjónarhóll 2024-2025

Fyrri hluta vetrar frá september og fram í byrjun febrúar voru á Sjónarhóli 14 börn. Þar af voru 12 börn fædd 2022 og 2 börn fædd 2023. Frá febrúar voru á deildinni 12 börn öll fædd 2023.

Stöðugildin á deildinni voru fjögur fram í febrúar, deildarstjóri og þrír hópstjórar. Í febrúar fækkaði í barnahónum og þ.a.l. líka í starfsmannahópnum og stöðugildin urðu þrjú, deildarstjóri og tveir hópstjórar.



Styrkleikar

Deildin var vel mönnuð í vetur og starfsmenn deildarinnar samheldinn hópur sem hefur unnið lengi saman og samvinnan góð. Þrátt fyrir miklar breytingar í leikskólanum vegna opunar nýrra deilda gekk starfið mjög vel. Við þurftum að takast á við auka aðlögun nýrra barna á miðju skólaári sem gekk ágætlega. Samvinna við foreldra gekk mjög vel og almenn ánægja í foreldraviðtölum sem fram fóru bæði í nóvember og maí. Foreldrar fengu sendar myndir úr starfinu vikulega í allan vetur.

Í hópastarfi unnum við með myndlist, tónlist, hreyfingu, könnunarleik o.fl.

Við kynntum líka fyrir börnunum vináttuverkefni Barnaheilla og bangsann Blæ. Hvert og eitt barn á sinn bangsa sem er merktur viðkomandi barni. Börnin nota svo bangsana í skipulögðum Blævinnustundum.

Lubbi finnur málbein var líka hluti af námsefninu okkar í vetur, við hlustuðum á lögin í söngstund, æfðum hljóðin og tengdum bókstafina við nöfn barnanna í hópnum. Í leikskólanum var sett á stofn læsisteymi sem m.a. ákvað hvaða stafi í stafrófinu var unnið með á hverri deild samkvæmt aldri barnanna. Við munum halda áfram að vinna með þetta námsefni og þróa þá vinnu áfram.

Tækifæri

Við viljum leggja aukna áherslu á vináttuverkefni Barnaheilla með bangsann Blæ, en það verkefni fékk ekki það vægi sem til stóð eftir áramót vegna breytinga í leikskólanum.

Einnig að vinna markvisst með flæðilestur, en því miður sat það að mestu leiti á hakanum hjá okkur af sömu ástæðu.

Bjóða oftar upp á útikennslu og vettvangsferðir í nágrenni leikskólans.

Kattholt 2024-2025

Kattholt var fyrst mannað af börnum og fólki sem fór yfir í Múmíndal eftir áramót eða í febrúar þegar leikskólinn stækkaði. Í febrúar varð því til nýtt Kattholt þar sem starfamaður sem var á Sjónarhóli tók við tímabundið sem deildarstjóri. Nýtt fólk var ráðið inn og deildin endurskipulögð út frá yngri nemnahópi.

Styrkleikar

Deildin opnaði í febrúar 2025. Það varð góð tenging strax milli barnanna og starffólksins. Við höfum mikið lagt upp úr því að nýta samverustundirnar (fyrir hádegismat) í að hver starfsmaður taki hópinn sinn og lesi, sé með söngstund eða skoði blær og tilfinningarnar. Í hópastarfi höfum við verið að vinna með liti, læra á litina (syngja litalagið, skoða Elmar bangsann og lesa um hann), við höfum líka verið mikið að föndra og skoða Lubba og máhljóðin.

Tækifæri

Við sjáum tækifæri í að bæta flæðilestur hjá okkur. Nýta bókina „Orð eru ævintýri“ meira í hópastarfi. Og bæta útikennslu (fara oftar í göngutúra, fara í gróðurhúsið). Skoða Lubba meira og hafa jafnvel máhljóð vikurnar inn á deild.





Undraland 2024-2025

Við byrjuðum veturinn með 22 börnum fædd 2021 með áherslu á hópastarf í fjórum hópum sem hópstjórar leiddu fyrir hádegi og flæði eftir tvö. Það þróaðist með breyttum áherslum og samsetningu barna á deildinni. Elstu börnin fóru yfir í Múmíndal og við tókum við yngri börnum í aðlögun í febrúar. Aðal breytingin hjá okkur var að Íþróttakennari hóf störf um áramót og kom á þriðjudögum og tónlistakennari alltaf á fimmtudögum og reyndist vel. Miðvikudaga og föstudaga settum við niður útinám fyrir sitthvorn aldurshópin og heimsókn fyrir eldri hóp í Múmíndal. Við höldum okkur við flæðið milli deilda og nýttum salinn í hádeginu bæði fyrir matartíma og slökun með eldri hóp sem fer ekki inn í hvíld.

Styrkleikar

Útinám: Okkur tókst að setja niður ákveðna daga fyrir gönguferðir og útikennslu. Gróðurhúsið nýttum við í vor með eldri hópnum. Einnig notuðum við nýju lóðina við Múmíndal með yngri hóp, það var gaman að sjá hvernig börnin rannsaka umhverfi sitt án leiktækja.

Flæðilestur: Við erum dugleg að lesa og skoða saman bókina Orð eru ævintýri eins að setjast niður með einstaka barni og skoða bækur.

Tækifæri

Útinám: Tengja betur við græn skref og vera með markvissari fræðslu í útinámi

Flæðilestur: Fræða starfsfólks deildar um flæðilestur, velja bækur, hafa lestrarstundir markvissar og nýta Orð eru ævintýri betur ásamt spili og spjöldum sem komu í haust.

Múmíndalur 2024-2025

Skólaveturinn byrjaði á því að stilla saman ólíka aldurshópa en börn fædd 2019 voru 15 og börn fædd 2020 voru 19 á deildinni. Við byrjuðum veturinn eins og oft áður að hver hópstjóri tók sinn hóp og settist niður til að finna hvar áhugi barnanna liggur og á hvað hátt við gætum leyft þeim að blómstra í frjálsa leiknum. Mikill spenna var í hópnum vegna byggingar nýju deildarinnar sem tók til starfa í febrúar. Börnin fengu að kjósa milli þriggja nafna og var fyrir valinu nafnið Múmíndalur. Þegar við





flutum þá fjölgaði í hópnum sem fór úr 34 börnum upp í 44 börn, það bættust við 2 börn í 2020 hópinn og 8 arnahópur fæddur 2021. Þar tók við ný hugsun sem er að starfa meira í flæði með hópnum.

Styrkleikar

Tveir kennaramenntaðir deildarstjóra sem starfa saman að sömu markmiðum.

Einn kennaramenntaður starfsmaður sem heldur utan um elsta hópinn ásamt deildarstjóra

Gekk vel að halda úti flæðandi starfi með börnunum þar sem þau kunna það, þannig að barnahópurinn dreifðist vel um svæðin innan deildarinnar

Það tókst vel að tengja inn í starfið íþróttakennarann og tónlistakennarar þannig að það komast í flæðandi ferli.

Tækifæri

Að hóparnir rúlli betur á milli starfmanna á hverjum degi.

Fá starfsmenn til að vinna betur með fyrir fram ákveðin verkefni sem þeir sjálfir tóku ákvörðun um að vinna með hópnum

Að taka aftur upp heimamenningu barnanna sem búið var að festa inn en það datt niður í flutningunum.





5 Umbótaáætlun 2025-2026

Allar deildir	Útikennsla
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útikennsla og tenging hennar við græn skref.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Nýta gróðurhúsið til kennslu og tengja útikennslu við græn skref.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Öll börn fari markvisst einu sinni í viku í útikennslu að lágmarki. Settir niður dagar fyrir hverja deild. Kynna okkur betur græn skref.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 til maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundir, starfsdagar, viðtöl við elstu börnin.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Tókst okkur að fara markvisst í útikennslu eins og stefnt var að og vinna með græn skref.
Allar deildir	Læsi
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Flæðilestur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Markviss flæðilestur á hverri deild.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Bók valin fyrir hverja deild. Lesið í litlum hópum og einstaklingslestur með sömu bók. Kynnt fyrir foreldrum. Veljum bækur og orðalista út frá Orð eru ævintýri.
Ábyrgð	Deildarstjórar og allt starfsfólk deilda.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundir með deildarstjórum einu sinni í mánuði, deildarfundir og orðaforðalisti sem við viljum þróa.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Metum hvernig gekk að fara í flæðilestur og þróum orðalista út frá bókinni Orð eru ævintýri til að meta aukningu í orðaforða.



6 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2024-2025

Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Börn með stuðning fjölgaði úr tveimur í sex í byrjun árs 2025. Innan sérkennsluteymisins var sérkennslustjóri ásamt þremur stuðningsaðilum og við fengum einnig inn stuðningsaðila eftir hádegi fjóra daga vikunnar þegar leið á önnina. Í maí fengum við að auki 50% stuðning fyrir barn á leikskólanum. Í lok maí náðum við að fylla í stöður stuðningsaðila. Sérkennslustjóri útbjó stundatöflur fyrir stuðningsaðila og lagði áherslu á teymisvinnu, það er að við hjálpumst að og vinnum saman með börnin. Það var gerð einstaklingsnámskrá fyrir þau börn sem þurftu á því að halda og einnig stundaskrá. Börnin voru hluti af leikskólastarfinu í heild, það er tóku þátt í hópastarfi, ferðum og öðru þar sem við reyndum að mæta þeim út frá áhuga og styrkleikum þeirra. Á hverjum degi og stundum tvisvar á dag var skipulögð vinnustund sem stuðningsaðili hélt utan um í samráði við sérkennslustjóra. Skráningar voru með fjölbreyttum hætti eftir því hvað hvert barn þurfti á að halda hverju sinni. Það var notast við skráningarblöðin sem við fengum frá námskeiðinu Skráning og þjálfun í einstaklingsþjálfun. Það var notast við grúa listann úr bókinni Behavioral Intervention for Children with Autism, AHA skráningar og fleira. Einnig gerir hópstjóri barnsins sway skráningar sem sendar eru til foreldra sem innihalda myndir og myndbönd.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	Það var notast við TRAS, EFI-2 og HLJÓM-2 fyrir öll börn út frá aldri þeirra. Það var notast við AEPS listann til að útbúa einstaklingsnámskrár.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Það var notað fjölbreytt námsefni til dæmis Lubbi finnur málbein, Vináttuverkefni Barnaheilla og ýmis málörvunarspil og gögn. Einnig öppin Lærum og leikum með hljóðin, Orðagull, Georg og félagar og fleira. Svo var útbúið ýmislegt námsefni innan leikskólans.





Umbótaáætlun sérkennslu 2025-2026

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Viðhalda og stuðla að teymisvinnu og meiri fræðslu innan sérkennsluteymisins. Auka við sjónrænar vísbendingar innan leikskólans.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Halda áfram að stuðla að teymisvinnu þar sem sérkennslustjórinn fer yfir með sérkennsluteyminu hvað felst í teymisvinnu og gerir stundatöflur stuðningsaðila með það í huga. Að efla fræðslu innan teymisins þar sem sérkennslustjóri bendir stuðningsaðilum á efni til að kynna sér betur. Hafa meira sjónrænt inn á öllum deildum til dæmis að auka við sjónrænar vísbendingar í útiveru og annars staðar þar sem þörf er á því.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Sérkennslustjóri heldur fund með sérkennsluteyminu í byrjun haust annar og fer yfir hvað felst í teymisvinnu og hvernig við ætlum að vinna með börnin. Sérkennslustjóri ætlar að búa til skjal með hugmyndum að efni og greinum til að kynna sér nánar sem varðar sérkennsluna t.d. málörvun, hegðun, leikur og fleira. Sérkennslustjóri ætlar að stuðla að notkun sjónræna vísbendinga á öllum deildum til dæmis að það séu allir starfsmenn með hálsmen með myndum á og auka við þar sem við á til dæmis að hafa myndir í útiveru.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 til júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Nóvember 2025 – Febrúar 2026 – Maí 2026. Fundir með teyminu og deildarstjórum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Farið yfir í lok árs með sérkennsluteyminu hvernig hefur gengið og metum hvaða árangur við erum að sjá af þessari vinnu.



7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl eiga að fara fram tvisvar á ári og oftast ef þörf þykir. Síðasta vetur dattu niður viðtöl í nóvember en þau voru tekin í apríl/maí 2025. Stefnum á að komast aftur í að hafa þau 2 sinnum á ári. Auk þess sem leikskólastjóri ræðir við þá starfsmenn sem virðast hafa einhverja vanlíðan, sbr. veikindi starfsmanna og ræðir við starfsfólk um hvað hægt sé að gera í hverju máli fyrir sig. Tekin var upp sú stefna að óska eftir veikindavottorðum við þá starfsmenn sem skora hátt á Bratford kvarða og stefnt að því að nýta það tæki enn betur næsta vetur. Það hefur gefist vel að taka Bratford samtöl og getur það veitt starfsfólki ákveðið aðhald. Stöðugt samtal milli stjórnenda og starfsmannahópsins um líðan starfsfólk og veikindaprósentu hefur haft góð áhrif á starfsmannahópinn, en stjórnendur fylgjast vel með veikindaprósentu leikskólans til að líðan allra sé höfð að leiðarljósi.

- Starfsþróunarsamtöl fara fram a.m.k tvisvar á ári og fara fram í okt/nóv og mars/apríl. Spurt er um líðan í starfi, styrkleika og það sem starfsmaður vill auka þekkingu á.
- Efla nýliðafræðslu á fyrstu 3 mánuðunum – komumst ekki í þetta nógu vel síðasta vetur og við þurfum að efla móttöku nýliða.
- Efla starfsfólk í að fara eftir starfsáætlun – hafa fast erindi með einhverju úr starfsáætlun á hverjum skipulagsdegi.
- Efla starfsfólk í að nýta sér fræðslu á Torginu.
- Námskeið og fræðsla um tónlistarkennslu, söng og samveru í tengslum við B hluta verkefni leikskólans.
- Námskeið um kærleiksrík mörk.
- Námskeið í ChatGBT.
- Farsæld barna – fá fræðslu frá Bjarnveigu um það.
- Ferð leikskólans til Budapest – stefnum á að fara til Budapest í maí þegar við tökum 2 skipulagsdaga saman. Við erum með tengilið við háskóla í Budapest sem heldur utan um kennaranám og er með æfingaleikskóla sem okkur býðst að skoða. Við fengum viðkomandi háskólaprófessor í heimsókn til okkar í vetur.
- Deildastjórar vilja fara á PMTO námskeið en þrír starfsmenn fóru í vetur á það námskeið og voru mjög ánægð með það námskeið.



8 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Erum að fara í enn meira samstarf milli Stakkaborgar, Nóaborgar og leikskólans Klambra en það er partur af verkefninu sem við fengum styrk í til að sinna næsta vetur.

Samstarf við Háteigsskóla hefur verið. Háteigsskóla hefur verið frekar lítið í ár. En við höfum boðið elstu nemendum í 1. Bekk grunnskólans í heimsókn og okkar skólahópur heimsótt Háteigsskóla. Annað samstarf hefur ekki verið og finnst okkur vöntun þar á en nemendur fóru ekki í heimsókn í vorskóla né í frístund eins og oft hefur verið áður, ekki var boðið upp á Vorskóla fyrir elstu börnin í Háteigsskóla. Börn úr tónskólanum hafa komið og spilað fyrir jólin fyrir nemendur.

9 Foreldrasamvinna

Í Stakkaborg eru starfandi foreldraráð og foreldrafélag. Í foreldraráði er amk eitt foreldri frá hverri deild, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins í upphafi skólaárs. Í ár buðu sig margir fram og var því ákveðið að stækka aðeins foreldraráðið. Mikið af samskiptum fer fram í gegnum tölvupóst en einnig er fundað ca. tvisvar á ári. Helstu breytingar eru bornar undir ráðið og einnig er ráðið inn í málum sem koma upp í leikskólanum sem tengjast börnum og skipulagningu. Foreldraráðið hefur fengið upplýsingar þegar einhverjar miklar breytingar eiga sér stað. Foreldraráð kom að rökstuðningi vegna rekstrarleyfis leikskólans og þakka ég sérstaklega fyrir góða vinnu í þeim efnum. Foreldraráð sér um að fara yfir starfsáætlun í lok skólaárs.

Foreldrafélag er kosið í september/október og sér um ýmsa viðburði yfir skólaári. Fyrsti viðburður foreldrafélagsins var jólaballið sem haldið var eina helgina fyrir jól. Börnin voru glöð og ánægð með skemmtunina sem fór fram í sal Háteigsskóla. Foreldrafélag sér svo um sumarhátíð leikskólans, sér um að panta skemmtiatriði og leiktækis hverju sinni.

Foreldraviðtöl fara fram tvisvar sinnum á ári og geta foreldrar óskað eftir viðtali við deildarstjóra eða stjórnendur ef þeir vilja þess fyrir utan. Almenn hafa samskipti gengið mjög vel og fara upplýsingar um viðburði og fréttir heim í tölvupósti. Við erum alltaf að huga að bættu upplýsingaflæði og teljum okkur langt komin í að bæta það með almennum póstsendingum til foreldrar úr Völu og svo í gegnum Sway skráningar. Í desember var svo jólakakó fyrir foreldra, jólaskólinn skreyttur og málaðar piparkökur, foreldrar mættu mjög vel og voru ánægðir að vera orðin aftur partur af daglegu skólastarfi.





Við höfðum opna viku í byrjun desember en þá gátu foreldrar komið og tekið þátt í starfinu með barninu sínu. t.d farið með í íþróttir, tekið þátt í sögustund , söngstund eða verið með í frjálsum leik. Við náðum að halda bæði feðra- og mæðrakaffi en það var ánægjulegt að fá alla foreldra inn til okkar.

10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Næsta vor er komið að námsferð starfsmanna leikskólans. Í ljósi þess höfum við þegar sótt um og fengið leyfi fagstjóra til að færa sameiginlegan skipulagsdag 4. maí 2026 til 13.maí og þá eru teknr tveir skipulagsdagar í þá ferð. Við höfum þegar hafið skipulag að þeirri ferð en við vorum svo heppin að fá til okkar heimsókn prófessors út Búdapest sem heldur utan um nám kennara í borginni. Við erum í sambandi við hana sem er að skipuleggja ferð til að skoða og fá fræðslu um frjálsa leikinn og flæði. En innan háskólans sem hún starfar við er æfingaskóli þar sem nýjir kennarar fá að æfa sig í kennslu á leikskólastigi.

Á næsta ári verða 6 skipulagsdagar:

- 22. ágúst
- 2. október – Sameiginlegur í hverfinu
- 28. nóveber
- 6.feb 2026 – sameiginlegur í hverfinu
- 13. maí 2026 – sameiginlegur í hverfinu átti að vera 4 maí en hann er færður til 13.maí
- 15. maí 2026

Starfsmannafundir verða fjórir en þeir eru þá mánuði sem ekki eru skipulagsdagar. Við höldum starfsdagana frá kl 16:30-18:30 og látum það rúlla á milli mismunandi vikudaga.

Fundirnir verða dagana:

- 17. septembar 2025
- 13.janúar 2026
- 12. mars 2026
- 2. Júní 2026

Í samtali milli leikskólastjóra og foreldraráðs leikskólans var tekin ákvörðun að frá og með hausti 2023 yrði fyrirfram ákveðið sumarleyfi sem myndi alltaf miðast við að lokað væri í 4 vikur (20 daga) og opnað yrði aftur á fimmtudegi eftir Verslunarmannahelgi.





11 Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F	Sumarleyfi	1 M		1 M		1 L		1 M		1 F	Nýársdagur	1 S		1 S		1 M	Skráningardagur	1 F	Verkvísingardagurinn	1 M		1 M	
2 L		2 Þ		2 Þ		2 S		2 Þ		2 F		2 M		2 M		2 Þ	2 F	2 L		2 Þ	Starfsmannafundur 16.30-18.30	2 F	
3 S		3 M		3 M		3 M	Vínvika	3 M		3 L		3 Þ		3 Þ		3 F	3 F	3 S		3 M		3 F	
4 M	Friðdagur verslunarmanna	4 F		4 F		4 Þ		4 F		4 S		4 M		4 M		4 L		4 M		4 F		4 L	
5 Þ	Sumarleyfi	5 S		5 S		5 M		5 F		5 M		5 F		5 F		5 Þ		5 Þ		5 F		5 S	
6 M	Sumarleyfi	6 L		6 L		6 F		6 L		6 Þ	Þrettándinn	6 F	Dagur leikskólans Skólalagsdagur (S)	6 F		6 M	6 M	6 M		6 L		6 M	
7 F	Leikskólinn opnar	7 S		7 Þ		7 F		7 S		7 M		7 L		7 L		7 Þ		7 F		7 S	Skólamannadagurinn	7 Þ	
8 F		8 M	Dagur læsis	8 M		8 L	Baráttudagur gegn einelti	8 M		8 F		8 S		8 S		8 M		8 F		8 M		8 M	Leikskólinn lokar
9 L		9 Þ		9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 M		9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F	
10 S		10 M		10 F		10 M		10 M		10 L		10 Þ		10 Þ		10 F		10 S		10 M	Skólastíll grunnskóla	10 F	
11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 M	Dagur íslenska Miklasmisins	11 M		11 L		11 M		11 F		11 L	
12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 F		12 M		12 F		12 F		12 S		12 Þ		12 F		12 S	
13 M		13 L		13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F		13 F		13 M		13 M	Skólalagsdagur (S - fullur frí d.5.)	13 L		13 M	
14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 S		14 M		14 L		14 L	Dagur staðfræðna	14 Þ		14 F	Uppstigningardagur	14 S		14 Þ	
15 F		15 M		15 M		15 L		15 M		15 F		15 S		15 S		15 M		15 F	Skólalagsdagur	15 M		15 M	
16 L	Dagur íslenskar þráttu í grænn dagur	16 Þ		16 S	Dagur íslenskar tungu þá	16 Þ		16 F		16 F		16 M	Bolludagur	16 M	Starfræði vika	16 F		16 L		16 Þ		16 F	
17 S	Starfsmannafundur 16.30-18.30	17 M		17 M		17 M		17 M		17 L		17 Þ	Sprungidagur	17 Þ		17 F		17 S		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 F	
18 M		18 F		18 Þ		18 F		18 F		18 S		18 M	Óskudagur	18 M		18 L		18 M		18 F		18 L	
19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 F		19 M		19 F	Skráningardagur	19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S	
20 M		20 L		20 M		20 F	Dagur mannréttinda barna	20 L		20 Þ		20 F	Skráningardagur	20 F		20 M		20 M		20 L		20 M	Sumarleyfi
21 F		21 S		21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 L		21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ	Sumarleyfi
22 F	Skólalagsdagur Skólastíll grunnsk	22 M		22 M		22 L		22 M		22 F		22 S	Skólalagsdagur - upptíð	22 S		22 M		22 F	Unhverfisdagur	22 M		22 M	Sumarleyfi
23 L		23 Þ		23 F	Bleka sláfan / blekur dagur	23 S		23 Þ	Þorlákssessa	23 F	Þorlákssessa	23 M	Þorlákssessa	23 M		23 F	Sumarleyfi	23 L		23 Þ		23 F	Sumarleyfi
24 S		24 M		24 F	Skráningardagur	24 M		24 M	Abdagaðagur ílla	24 L		24 Þ		24 Þ		24 F		24 S	Skólalagsdagur	24 M		24 F	Sumarleyfi
25 M		25 F		25 L	Fyrsti vetrardagur	25 Þ		25 F	Jóladagur	25 S		25 M		25 M		25 L		25 M	Abdagaðagur ílla	25 F		25 L	
26 Þ		26 F	Enrópski tungumálad.	26 S		26 M		26 F		26 M		26 F		26 F		26 S		26 Þ		26 F		26 S	
27 M		27 L		27 M	MSKráningardagur	27 F		27 L		27 Þ		27 F		27 F		27 M		27 M		27 L		27 M	Sumarleyfi
28 F		28 S		28 Þ	Skráningardagur	28 F		28 S		28 M		28 L		28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ	Sumarleyfi
29 F		29 M		29 L		29 M		29 M	Skráningardagur	29 F		29 S		29 S	Þannisdagur	29 M		29 F		29 M	Abdagaðagur erlunnalagsdagur	29 M	Sumarleyfi
30 L		30 Þ		30 F		30 S		30 Þ	Skráningardagur	30 F		30 M		30 M	Skráningardagur	30 F		30 L		30 Þ		30 F	Sumarleyfi
31 S		31 F	Náttíða og barnsdagur	31 M		31 L		31 M	Gamlársdagur	31 L		31 Þ		31 Þ	Skráningardagur	31 S		31 S		31 F		31 F	Sumarleyfi



F. h. leikskólans Stakkaborgar

Jónína Einarisdóttir

1.07.2025

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal 2

Starfsáætlun 2024 – 2025 Stakkaborg



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Gísli Óskarsson
Dagný Ósk Aradóttir Pind
Steinunn Ketisdóttir
Hanna María Heiðarsdóttir
Særún Anna Traustadóttir
Heba Eir Kjeld





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Foreldraráð hefur kynnt sér starfsáætlun Stakkaborgar 2025-2026. Starfsáætlunin er skýr og auðlesin. Hún veitir góða innsýn í starfið og jafnframt hvernig starfið er metið og hvaða aðgerðir á að fara í til þess að bæta árangur. Það er mjög jákvætt að sjá að auka á samstarf milli leikskólanna í hverfinu, þ.e. Nóaborgar, Klambra og Stakkaborgar. Það er miður að samstarf við Háteigsskóla hafi verið lítið og er tekið undir það sem fram kemur í starfsáætlun að það hefði mátt vera meira, fleiri heimsóknir og þess háttar.

Liggur fyrir að breyttir tímar eru framundan hjá Stakkaborg en skólinn hefur stækkað með nýrri deild, tveimur deildarstjórum og börnum fjölgað í 101. Það kemur ekki á óvart að upplifun foreldra barna á Stakkaborg, samkvæmt foreldrakönnun Reykjavíkur, sé að langmestum hluta jákvæð. Ástæða er til að nýta þetta tækifæri og hrósa stjórnendum og starfsfólki Stakkaborgar fyrir að búa til frábæran stað þar sem börnum líður vel og hafa tækifæri til þess að vaxa og dafna.

Fulltrúar í foreldraráði:

Gísli Óskarsson, Dagný Ósk Aradóttir Pind, Steinunn Ketilsdóttir, Hanna María Heiðarsdóttir, Særún Anna Traustadóttir, Heba Eir Kjeld.



